



Oddeyrin

Þú ert á Oddeyrri, sem er annar elsti bæjarhluti Akureyrar. Eyri er mynduð af framburði Glerár og fékk nafnið Oddeyri eftir lögun sinni. Nafnið kemur fyrir í fornum heimildum, meðal annars Víga-Glúms sögu sem rituð var á 13. öld. Þar segir frá því þegar Glúmur fór á eftir fjandönum sínum frá Hrísey „inn allt að Oddeyrri“. Annars var eyri til lítils gagns lengi vel nema til þinghalds en Oddeyrarþings er fyrst getið í annálum snemma á 14. öld. Hið síðasta slíkra þinga var líkast til haldið árið 1551. Þá lágu tvö herskip á Pollinn en hermenn gengu á land að bæla uppreisn hins kapólska Jóns Arasonar Hólabiskups sem var að vísu háshöggvinnu áður. Ekki kom til átaka en allar eignir voru dæmdar af hinum látna biskupi og þingheimur látinn hylja konung og arftaka hans. Löngu seinna eða 1874 var þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar fagnað á Oddeyrri.

Deilt var um hvort Oddeyrri væri hæf til búsetu. Þar skorti drykkjarvatn og Gleráin var í foráttuvesti mikill ógnvaldur allri byggð þegar hún flæmdist um eyrina og rann út í Pollinn. Engu að síður úrskurðuðu yfirvöld í Kaupmannahöfn árið 1866, að beiðni bæjarfulltrúa Akureyrar, að Oddeyrri skyldi framvegis tilheyra Akureyrarkaupstað. Búseta á Oddeyrri hófst 1858 í húsi sem hét Lundur (Gamli Lundur). Í dag stendur svipað hús með sama nafni í Eiðsvallagötu 14. Íbúum eyrarinnar tók ekki að fjölga fyrr en eftir 1870 með tilkomu Gránufélagsins, sem var fyrsta íslenska verslunarfélagið á Akureyrri. Um aldamótin 1900 voru götur Akureyrar alls 10, þar af fimm á Oddeyrri. Strandgata og fjórar götur út frá henni, Glerárgata, Lundargata, Norðurgata og Grundargata.

Oddeyri District

Oddeyri is Akureyri's second oldest district. The site was only used for parliamentary meetings from early 14th century until 1551 when two warships arrived to quell a rising led by the Roman Catholic bishop, Jón Arason, of Hólar, who had, however, been executed the year before. No battle ensued, but his possessions were confiscated and given to the king and his heirs. In 1874 the 1000 year anniversary of the settlement of Iceland was celebrated on Oddeyri. Nothing was built there due to lack of drinking water and flooding risks from Glerá River. However, in 1866, the Danish authorities agreed to include Oddeyri in the township of Akureyri. The first house, Lundur, was built in 1858. A similar house of the same name stands at Eiðsvallagata 14. After 1870 building began in earnest with the establishment of Gránufélag, Akureyri's first commercial company. Around 1900 Akureyri had 10 streets, 5 of which were on Oddeyri; Strandgata, Glerárgata, Lundargata, Norðurgata and Grundargata.



Oddeyrir um 1950. Ásýnd Strandgötunnar hefur breyst mikið í gegnum árin. Upphæflega lá gatan fast upp við húsín í fjörukambinum en smám saman var fyllt upp í Pollinn, bætt var við þvotta- og flugplani, einnig smábátahöfn, og gatan að lokum færð utar. Nú stendur Menningarhúsið Hof þar sem smábátahöfnin var áður (vígt 2010).

Oddeyrir around 1950. Strandgata has changed greatly over time. Originally it was close to the shoreline but landfills pushed the shore back to create an air strip, a car wash facility and a small boat harbour where Hof Cultural Center now stands (inaugurated 2010).




Oddeyrir 1931. Byggðin er tekin að teygja sig í norður út frá Strandgötu. Gránufélagsgata liggur eins og beint strík niður endilanga eyrina. Ósinn við Gránufélagshúsin hefur minnkað.

Oddeyrir 1931. The built-up area has expanded north from Strandgata. Gránufélagsgata forms a straight line the entire length of Oddeyri. The river flats by the Gránufélag buildings have shrunk.



Oddeyrir um 1890 þar sem glöggst má sjá ummerki um farveg Glerár um eyrina. Á þessum tíma var Strandgatan aðalgatan og neðst við hana, við síkið, stóðu hús Gránufélagsins. Lengst til vinstri standa elstu hús eyrarinnar, Gamli Lundur og Stóra steinhúsið við Norðurgötu.

Oddeyrir around 1890, showing the course of Glerá River. At that time, Strandgata was the main street and the Gránufélag buildings stood at its lower end. Furthest to the left are Oddeyri's oldest buildings, Gamli Lundur and the large stone-built house on Norðurgata.



Oddeyrir þótti kjörin til samkomuhalds enda ein flatneskja. Þar var til dæmis fagnað þúsund ára landnámsafmæli Helga magra árið 1890 og aldarafmæli Jóns Sigurðssonar 1911. Myndin er frá „Aldamóta minningahátíð Eyfirðinga“ sem haldin var í júní árið 1900, á svipuðum slóðum og lðavöllur er nú.

Oddeyrir was ideal for social gatherings such as the 1000 year anniversary of the settlement of Helgi the Lean in 1890 and the centenary of Jón Sigurðsson in 1911. The photograph shows people celebrating the dawn of the 20th century.



www.visitakureyri.is



MINJASAFNID Á AKUREYRI
AKUREYRI MUSEUM

NORÐUROKA



Litamynd: Guðni Benediktsson

Litamynd: Helga Ást. Litamynd: Helga Ást. Litamynd: Helga Ást. Litamynd: Helga Ást.